

## AUGLÝSING

### um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónskóla Mýrdælinga.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónskóla Mýrdælinga, sem samþykkt var af sveitarstjórn Mýrdalshrepps 22. janúar sl. og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.*

**Borgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*

### Fylgiskjal.

#### Reglugerð fyrir Tónskóla Mýrdælinga.

##### 1. gr.

Skólinn heitir Tónskóli Mýrdælinga. Skólinn er í eigu Mýrdalshrepps og fer sveitarstjórn Mýrdalshrepps með yfirstjórn hans. Starfsemi skólans fer fram í skólahúsnæði hreppsins við Mánabraut. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

##### 2. gr.

Hlutverk skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og annast kennslu í hljóðfæraleik og efla með því tónlistarlíf í Mýrdalshreppi.

##### 3. gr.

Skólanefnd Mýrdalshrepps fer með yfirstjórn skólans í umboði sveitarstjórnar. Sveitarstjóri annast framkvæmdarstjórn fyrir nefndina og undirbýr fundi í samráð við formann. Formaður skólanefndar boðar til funda með dagskrá svo oft sem þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skólastjóri sitji skólanefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd enda sé fundarefni tilgreint. Einnig ber að boða til fundar ef a.m.k. þriðjungur aðalmanna í skólanefnd æskir þess.

##### 4. gr.

Sveitarstjórn ræður skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

##### 5. gr.

Skólastjóri fer með daglega stjórnun skólans. Hann ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrár og reglur sem í gildi eru um tónlistarskóla í landinu á hverjum tíma. Skólastjóri skal framfylgja samþykktum skólanefndar. Hann hefur umsjón með eignum skólans. Skólastjóri skal ganga frá vinnuskýrslu, árita reikninga til greiðslu og annast skráningu nemenda.

## 6. gr.

Rekstur skólans skal kosta með fjárveitingum á fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps og skólagjöldum nemenda. Skólastjóri skal leggja drög að fjárhagsáætlun fyrir skólanefnd sem síðan leggur þau fyrir sveitarstjórn til samþykktar eigi síðar en 15. desember ár hvert. Skrifstofa Mýrdalshrepps annast greiðslu launa og rekstrarreikninga svo og bókhald Tónskóla Mýrdælinga.

## 7. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af sveitarstjórn að fengnum tillögum skólanefndar. Skólagjöld skulu greidd fyrirfram í upphafi annar. Skrifstofa Mýrdalshrepps annast innheimtu skólagjalda.

## 8. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá er áhuga hefur á tónlistarnámi því er skólinn býður upp á með eftirtöldum frávikum:

- Þurfi að takmarka fjölda nemenda á einstökum námssviðum er skólanum m.a. heimilt að beita hæfnisprófum og breyta auglýstu kennslufyrirkomulagi.
- Skólastjóra ásamt kennurum er heimilt að takmarka fjölda nemenda í hina mismunandi hljóðfæraflokka.
- Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu.

Úrskurði skólastjóra má skjóta til skólanefndar.

## 9. gr.

Starfstími, viðverutími og vinnuskylda er samkvæmt gildandi kjarasamningum LS, FT og FÍH.

## 10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla með síðari breytingum er samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann 22. janúar 2004 og öðlast þegar gildi.

**Sveinn Pálsson**, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.